

Fagráð í hrossarækt

97. fundur

Staður og stund: Zoom fundur, þriðjudaginn 23. Febrúar 2021 kl. 13:00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson, Hulda Gústafsdóttir, Mette Mannseth og Elsa Albertsdóttir.

Dagskrá

1. Fundarsetning.
2. Stofnverndarsjóður.
3. Upptökur kynbótasýninga
4. Fjórðungsmót Vestlendinga 2021
5. Birting dóma

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. Stofnverndarsjóður.
Farið var yfir þau verkefni sem hlutu styrksveitingu í desemberúthlutun 2020.

Æviskeið – starfssaga Þorkels Bjarnasonar - Eiðfaxi ehf.

Sótt um: kr. 1.000.000 ISK

Samþykkt: 1.000.000 ISK

Faraldsfræðileg könnun á kynsjúkdómum hjá íslenskum hestum - Dr. Susanne Braun, Höskuldur Jensson og Guðríður Eva Þórarinsdóttir

Sótt um: 4.375.000 ISK

Samþykkt: 2.000.000 ISK

Tíðni magasára í hrossum á Íslandi - Undína Ýr Þorgrímsdóttir, Nanna Luthersson, Patricia Harris og Tim Parkin

Sótt um: 3.500.000 ISK

Samþykkt: 1.500.000 ISK

Endurgreiðsla sýningargjalda fyrir Litbrá frá Langhúsum - Þorlákur Sigurbjörnsson og Arnþrúður Heimisdóttir

Sótt um: 40.645 ISK

Samþykkt: 22.984 ISK

HorseDay - MOM ehf

Sótt um: 4.000.000 ISK

Samþykkt: 2.000.000 ISK

Búið er að greiða þennan styrk til HorseDay app

Fjallað var um fyrningartíma samþykkttra umsókna. Dragist framkvæmd samþykkttra verkefna mikið getur verið erfitt að átta sig á hversu há upphæð er til

úthlutunar hverju sinni úr Stofnverndarsjóði. Rædd var tillaga um að miða við tvöföldun á tímaáætlun eins og tíðast við úthlutun á rannsóknarstyrkjum við menntastofnanir enda eðlilegt að seinkun geti orðið á framkvæmd. Í framhaldi var rætt um mikilvægi þess að ganga frá umsóknareyðublaði þannig að umsóknir verði staðlaðri og skýr tíma og fjárhagsáætlun liggi fyrir í upphafi.

3. Upptökur kynbótasýninga. Sveinn Steinarsson fór yfir að Eiðfaxi ehf sem sá um upptökur kynbótasýninga í aðdraganda og á Landsýningunni hefði ákveðið að sækja ekki um að standa upptökum, líkt og í fyrra. Alendis hefur sýnt verkefninu áhuga og standa viðræður milli RML og Alendis. Mikilvægt er að samþykki liggi fyrir hjá sýnendum og eigendum hrossa að upptökur fari fram og þá hvort sé um að ræða upptökur sem eru aðgengilegar öllum eða hvort um streymi frá viðburði sé að ræða. Upptökur eru verðmætar upplýsingar en það verður að hafa í huga að kynbótasýningar eru búfjársýningar og eins og er ekki hluti af kynbótasýningum skv. reglum þar um.
4. FM 2021
Rætt var um stórmót, Landsmót og Fjórðungsmót, og þróun þeirra. Hvort og þá hvaða vilji sé fyrir því að breyta formi þeirra frá því sem hefðbundið er í dag.
5. Birting dómara. Elsa kom inn á að sum lönd innan FEIF hafi tekið ákvörðun að birta fyrirfram hverjir dæma á kynbótasýningum í viðkomandi landi. Hér á Íslandi verða þessar upplýsingar ekki gefnar út.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 15:00

Við pennann: Elsa Albertsdóttir